

um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Karvel Pálmason, Jón Snorri Þorleifsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar, að gera beri hið fyrsta ráðstafanir til þess að bæta úr þeim alvarlega skorti á leiguhúsnæði, sem ríkjandi er í flestum þorpum og kaupstöðum landsins, og felur í því skyni ríkisstjórninni:

1. að láta fara fram könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt;
2. að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegum fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf.

Greinargerð.

Viða í þorpum og kaupstöðum landsins, ekki sízt þar sem atvinnulífið byggist fyrst og fremst á útgerð og fiskiðnaði, hefur skortur á hentugu leiguhúsnæði staðið eðlilegri þróun mjög fyrir þrifum. Húsnæði, sem fánlegt er til leigu og fullnægir nútíma kröfum, er víða á slíkum stöðum af mjög skornum skammti. Hins vegar er eðlilegt, að ungu fólki hrjósi hugur við að þurfa strax að hefja byggingu eigin húsnæðis, ekki sízt því, sem hefur í huga að flytjast til viðkomandi staðar. Þessi staðreynd hefur valdið miklum erfiðleikum í sambandi við þá eflingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar, sem nú er unnið að.

Í lánakerfi því til húsnæðismála, sem nú er búið við, eru engin ákvæði, sem heimila það ríflegar lánveitingar til sveitarfélaga, að þeim sé yfirleitt gert kleift að byggja og eiga leiguhúsnæði. Nú stendur hins vegar fyrir dyrum endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni. Því þykir rétt, að Alþingi gefi skýlaust til kynna þann vilja sinn, að þetta mikilvæga mál verði þar með tekið.

Til þess að unnt sé að gera sér raunhæfa grein fyrir fjárþörf, er lagt til, að nú þegar verði gerð úttekt á þörf sveitarfélaga fyrir leiguhúsnæði. Að sjálfsögðu yrði þar fyrst og fremst um áætlun að ræða, sem gera mætti á skömmum tíma og án þess að tefja málið.

Ljóst er, að með fjármagni því, sem nú rennur til húsnæðislána, verður ekki staðið undir þeirri viðbótarfjárþörf, sem nauðsynleg verður í þessu skyni. Því er nauðsynlegt að leita annarra leiða til öflunar fjármagns. Þótt sjálfsagt þyki að fela ríkisstjórninni að benda á leiðir í þessu skyni, má vekja athygli á Atvinnuleysistryggingasjóði, enda er verkefnið náskýlt eflingu atvinnulífsins á hinum ýmsu stöðum.

Að lokum skal lögð á það áherzla, að lán þau, sem hér um ræðir, verða að vera mjög rífleg, þannig að sveitarfélögunum verði kleift að byggja hinar umræddu leigubúðir án þess að stofna sveitarfélaginu í alvarlega fjárhagserfiðleika. Einnig er sjálfsagt, að slík lán séu háð því skilyrði, að íbúðirnar verði ekki seldar, heldur verði áfram í eigu sveitarfélagsins og leigðar fyrst og fremst í þeim tilgangi að fullnægja húsnæðisþörf þeirra, sem til viðkomandi staða flytjast eða hefja þar búskap og þátttöku í atvinnulífi.